

Tillaga til þingsályktunar

um að tryggja áframhaldandi skólastarf Laugaskóla sem verður 100 ára 2025.

Flm.: Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að tryggja að skólastarf haldist áfram í Framhaldsskólanum á Laugum (Laugaskóla), eina starfandi héraðsskóla landsins, sem verður 100 ára haustið 2025.

Greinargerð.

Héraðsskólinn á Laugum hóf störf á Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu haustið 1925, þar sem Laugamönnum hefur tekist að halda úti samfelldu skólastarfi í bráðum 100 ár, en alls tíu héraðsskólar voru stofnaðir í héruðum landsins á sinni tíð. Með sameiningu Héraðsskólans á Laugum og Húsmæðraskóla Þingeyinga árið 1988 tók Framhaldsskólinn á Laugum til starfa og rekur þar þrjár heimavistir; Fjall (Draugastein), Álfastein og Tröllastein, og eru nemendur yfir 100 ár hvert.

Tvær heimavista skólans eru reknar í húsnæði ríkisins, en sú stærsta er rekin í húsnæði Tröllasteins ehf. Sú heimavist er eina húsnæði skólans sem ekki er í eigu ríkisins og hefur skólinn leigt húsið, en leigusamningur um húsið rennur sitt skeið 1. júlí nk. og verður ekki endurnýjaður.

Tröllasteinn er bygging á þremur hæðum með 35 tveggja manna herbergjum með baði. Auk þess er þar matsalur, notaður undir félagsaðstöðu fyrir nemendur og eldhús. Stærð hússins er 1.228 m². Eftir að Tröllasteinn var byggður voru heimavistir skólans í eigu ríkisins, Fjall (Draugasteinn) og Álfasteinn, lagfærðar og þar gerð herbergi með baði. Á Fjalli eru 15 herbergi með rými fyrir 31 nemanda og í Álfasteini eru sjö herbergi með rými fyrir 14 nemendur. Auk þess eru í skólanum tveir úppperðir heimavistargangar. Í Dvergasteini eru átta eins manns herbergi án baðs og í Gamla skóla eru tíu eins manns herbergi án baðs og eru þeir gangar ekki í notkun fyrir nemendur skólans.

Ljóst er að án Tröllasteins verður ekki rekinn framhaldsskóli á Laugum þar sem ekki er þá rými fyrir fleiri en um 40 nemendur auk þess sem þrengjast myndi um félagsaðstöðu nemenda. Þá hefur skólameistari einnig sagt það auðvelda gæslu á heimavist að þurfa ekki að reka fleiri en þrjár heimavistir og að geta haft marga nemendur á sömu vistinni (Tröllasteini), sérstaklega nýnema meðan þeir eru að átta sig á reglum, umgengni, hegðun, skólabrag og öðru því sem fylgir að vera í heimavistarskólanum Framhaldsskólanum á Laugum.

Það er líka ljóst að núverandi eigendur Tröllasteins vilja losa það fjármagn sem hefur verið bundið í byggingunni og án nokkurrar arðsemi/arðgreiðslna frá aldamótum.

Skólalald við Framhaldsskólann á Laugum er í uppnámi fyrir veturinn 2024–2025 og því mikilvægt að ríkið eignist heimavistina Tröllastein og leigi skólanum hana eins og annað skólahúsnæði á staðnum.

Framhaldsskólinn á Laugum er mjög vinsæll skóli og þarf á hverju ári að hafna nemendum um skólavist. Skólinn hefur að auki sérstöðu meðal framhaldsskóla vegna þess náms- og kennsluumhverfis sem rekið er á Laugum og þess fjölbreytta starfs sem skólinn býður upp á.

Skólastjórnendur og aðrir Laugamenn segja mjög mikilvægt fyrir Laugaskóla að koma eignarhaldi bygginganna sem hann notar á eina og sömu hendi og geta þannig tryggt húsnæði fyrir nemendur og þar með skólahald til framtíðar.

Fullkomin óvissa er um áframhaldandi skólastarf á Laugum næsta haust, skólaárið 2025–2026. Flutningsmaður telur að Framhaldsskólanum á Laugum yrði mikill sómi sýndur með því að ríkið eignaðist heimavistina Tröllastein á 100 ára afmælisárinu og þar með yrði stuðl- að að áframhaldandi skólastarfi á Laugum.